Landsvirkjun

Samandreginn árshlutareikningur
1.1.-30.6.2023



# Efnisyfirlit

Lykilstærðir.............................................................................................................3

Helstu upplýsingar.....................................................................................................4

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra ........................................................ 5

Könnunaráritun óháðra endurskoðenda ........................................................ 6

Rekstrarreikningur................................................................................................ 7

Yfirlit um heildarafkomu........................................................................................8

Efnahagsreikningur ...............................................................................................9

Eiginfjáryfirlit......................................................................................................... 10

Sjóðstreymisyfirlit ................................................................................................11

Skýringar................................................................................................................ 12

# Lykilstærðir

## Rekstrartekjur




## Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði




## Handbært fé frá rekstri




## Nettó skuldir







Uppsett afl **2.146 MW**

15 Vatnsaflsst. **1.991 MW**

3 Jarðvarmast. **153 MW**

2 Vindmyllur **2 MW**

# Helstu upplýsingar - ókannað

## Framsetning stjórnenda á rekstri Landsvirkjunar

**Fjárhæðir í þúsundum USD***

| | 2023<br>1.1.-30.6. | 2022<br>1.1.-30.6. | 2021<br>1.1.-30.6. | 2020<br>1.1.-30.6. | 2019<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur** | | | | | |
| Rekstrartekjur | 296.492 | 348.621 | 240.272 | 190.310 | 221.243 |
| Innleystar áhættuvarnir | 35.260 | ( 53.666) | ( 15.020) | 3.819 | 4.195 |
| **Rekstrartekjur samtals** | 331.752 | 294.955 | 225.252 | 194.129 | 225.438 |
| Rekstrar- og viðhaldskostnaður | ( 76.769) | ( 81.641) | ( 73.905) | ( 64.233) | ( 72.282) |
| **Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA )** | 254.983 | 213.314 | 151.347 | 129.896 | 153.156 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 53.036) | ( 54.327) | ( 53.610) | ( 48.938) | ( 52.320) |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | 201.947 | 158.987 | 97.737 | 80.958 | 100.836 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 6.435) | ( 18.069) | ( 20.054) | ( 23.909) | ( 27.135) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | 456 | 13.426 | 10.755 | 10.860 | 13.113 |
| **Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði** | 195.968 | 154.344 | 88.438 | 67.909 | 86.814 |
| **Óinnleystir fjármagnsliðir:** | | | | | |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | ( 40.130) | 49.799 | 21.400 | ( 19.626) | 765 |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiða | 37.089 | ( 4.878) | ( 38.871) | ( 29) | ( 3.431) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 8.344) | 11.576 | 1.663 | 4.976 | 5.783 |
| | ( 11.385) | 56.497 | ( 15.808) | ( 14.679) | 3.117 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 184.583 | 210.841 | 72.630 | 53.230 | 89.931 |
| Tekjuskattur | ( 70.611) | ( 73.378) | ( 23.552) | ( 15.640) | ( 28.554) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 113.972 | 137.463 | 49.078 | 37.590 | 61.377 |
| **Efnahagur** | **30.6.2023** | **30.6.2022** | **30.6.2021** | **30.6.2020** | **30.6.2019** |
| Eignir samtals | 3.751.978 | 3.793.095 | 3.786.279 | 3.710.018 | 3.833.898 |
| Eigið fé samtals | 2.270.014 | 2.230.022 | 2.101.190 | 2.073.203 | 2.067.745 |
| Skuldir samtals | 1.481.964 | 1.563.073 | 1.685.089 | 1.636.815 | 1.766.153 |
| Nettó skuldir ** | 665.726 | 939.370 | 1.199.676 | 1.298.412 | 1.511.760 |
| **Sjóðstreymi** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** | **1.1.-30.6.** |
| Veltufé frá rekstri (FFO) | 244.839 | 195.688 | 127.654 | 105.579 | 126.497 |
| Handbært fé frá rekstri | 248.784 | 191.800 | 125.114 | 102.842 | 121.533 |
| Fjárfestingar | 4.718 | 6.696 | ( 2.360) | 64.023 | ( 8.596) |
| Fjármögnun | ( 248.930) | ( 138.308) | ( 38.900) | ( 182.037) | ( 156.926) |
| **Lausafé** | **30.6.2023** | **30.6.2022** | **30.6.2021** | **30.6.2020** | **30.6.2019** |
| Handbært fé | 157.726 | 125.315 | 144.324 | 55.051 | 24.181 |
| Óádregin lán | 125.000 | 150.000 | 150.000 | 150.000 | 296.417 |
| Lausafé alls | 282.726 | 275.315 | 294.324 | 205.051 | 320.598 |
| **Kennitölur** | | | | | |
| Arðsemi eiginfjár *** | 6,2% | 10,7% | 3,9% | 3,9% | 6,1% |
| Eiginfjárhlutfall | 60,5% | 58,8% | 55,5% | 55,9% | 53,9% |
| Vaxtaþekja (EBITDA/ nettó vaxtagjöld) *** | 21,74x | 10,36x | 6,46x | 5,53x | 5,63x |
| Veltufé frá rekstri / nettó skuldir *** | 70,8% | 37,9% | 18,4% | 17,1% | 16,3% |
| Veltufé frá rekstri / vaxtagjöld *** | 12,94x | 9,05x | 5,22x | 4,20x | 4,25x |
| Nettó skuldir / EBITDA *** | 1,34x | 2,38x | 4,46x | 4,75x | 5,08x |
| **Lánshæfiseinkunn án ríkisábyrgðar í lok júní** | | | | | |
| Standard & Poor's | BBB+ | BBB+ | BBB+ | BBB | BBB |
| Moody's | Baa1 | Baa1 | Baa1 | Baa1 | Baa2 |

* Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4
** Nettó skuldir eru vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé
*** Kennitölur miðast við síðustu 12 mánuði

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Samandreginn árshlutareikningur fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga og hefur að geyma árshlutareikning félagsins þar sem færð er hlutdeild í afkomu dótturfélaganna Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjunar Power ehf. og hlutdeildarfélaga. Ekki er gerður samstæðuárshlutareikningur, sjá nánar skýringu nr. 4.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri félagsins á tímabilinu janúar til júní 2023 114,0 milljónum USD, en hagnaður á sama tímabili árið 2022 var 137,5 milljónir USD. Breytingin á milli tímabila nemur 23,5 milljónum USD. Rekstrartekjur námu 331,8 milljónum USD á tímabilinu en voru 295,0 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Breytingin er aðallega tilkomin vegna lækkunar á heimsmarkaðsverði á áli og raforkuverði á Nord Pool markaði og hækkunar á innleystum áhættuvörnum. Gangvirðisbreytingar afleiðusamninga voru neikvæðar um 3,0 milljónir USD á tímabilinu janúar til júní 2023 en voru jákvæðar um 44,9 milljónir USD á sama tímabili árið áður og gjaldeyrismunur var neikvæður um 7,6 milljónir USD á tímabilinu en jákvæður um 9,6 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Handbært fé frá rekstri var 248,8 milljónir USD á tímabilinu en var 191,8 milljónir USD á sama tímabili árið áður. Í lok júní 2023 nam handbært fé samtals 157,7 milljónum USD og óádregin lán 125,0 milljónum USD eða alls 282,7 milljónir USD. Eigið fé félagsins í lok júní var 2.270,0 milljónir USD samkvæmt efnahagsreikningi en 2.296,7 milljónir USD í árslok 2022.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2023, rekstrarafkomu og breytingu á handbæru fé á tímabilinu janúar til júní 2023.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar fyrir tímabilið janúar til júní 2023 gefi gleggt yfirlit um árangur af rekstri félagsins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem félagið býr við.

Stjórn og forstjóri hafa í dag farið yfir árshlutareikning fyrirtækisins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2023.

Í stjórn félagsins:
Jónas Þór Guðmundsson
Jón Björn Hákonarson
Álfheiður Ingadóttir
Gunnar Tryggvason
Soffía Björk Guðmundsdóttir

Forstjóri:
Hörður Arnarson

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og eigenda Landsvirkjunar

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning Landsvirkjunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2023. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á árshlutareikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2023 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga.

Reykjavík, 28. ágúst 2023.

***Deloitte ehf.***

Birna María Sigurðardóttir
endurskoðandi

Jóhann Óskar Haraldsson
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur

| | Skýr. | 2023 1.1.-30.6. | 2022 1.1.-30.6. | 2023 F2* | 2022 F2* |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | |
| Raforkusala | 7 | 281.687 | 343.620 | 129.897 | 173.217 |
| Innleystar áhættuvarnir | | 35.260 | ( 53.666) | 21.869 | ( 25.830) |
| Aðrar tekjur | | 14.805 | 5.001 | 4.563 | 520 |
| | | 331.752 | 294.955 | 156.329 | 147.907 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | |
| Orkuvinnsla | | 99.156 | 106.081 | 50.456 | 54.603 |
| Almennar rannsóknir | | 9.308 | 9.822 | 4.624 | 5.285 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 21.341 | 20.065 | 10.694 | 9.048 |
| | | 129.805 | 135.968 | 65.774 | 68.936 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 201.947 | 158.987 | 90.555 | 78.971 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | | |
| Vaxtatekjur | | 10.476 | 803 | 5.149 | 552 |
| Vaxtagjöld | | ( 17.625) | ( 16.894) | ( 8.718) | ( 8.305) |
| Gjaldeyrismunur | | ( 7.630) | 9.598 | 987 | 8.432 |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | | ( 40.130) | 49.799 | ( 55.083) | ( 112.444) |
| Gangvirðisbreytingar annarra afleiðusamninga | | 37.089 | ( 4.878) | 2.366 | 57.241 |
| | 8 | ( 17.820) | 38.428 | ( 55.299) | ( 54.524) |
| Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga | | 456 | 13.426 | 229 | 8.196 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 184.583 | 210.841 | 35.485 | 32.643 |
| Tekjuskattur | | ( 70.611) | ( 73.378) | ( 13.101) | ( 7.708) |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 113.972 | 137.463 | 22.384 | 24.935 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum félagsins

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Yfirlit um heildarafkomu

| | 2023<br>1.1.-30.6. | 2022<br>1.1.-30.6. | 2023<br>F2* | 2022<br>F2* |
|---|---|---|---|---|
| **Hagnaður tímabilsins** | 113.972 | 137.463 | 22.384 | 24.935 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, br. | ( 917) | ( 1.437) | ( 474) | ( 996) |
| Niðurrifsskuldbinding að frádregnum tekjuskatti, br. | 0 | 973 | 0 | ( 272) |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning:** | | | | |
| Þýðingarmunur vegna dóttur- og hlutdeildarfélaga | 284 | ( 183) | ( 59) | ( 367) |
| Rekstrarliðir færðir á eigið fé samtals | ( 633) | ( 647) | ( 533) | ( 1.635) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 113.339 | 136.816 | 21.851 | 23.300 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum félagsins

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Efnahagsreikningur

| Eignir | Skýr. | 30.6.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 2.948.058 | 2.984.071 |
| Undirbúningskostnaður | | 104.988 | 100.011 |
| Aðrar óefnislegar eignir | | 49.116 | 48.513 |
| Afleiðusamningar | 9 | 64.273 | 98.964 |
| Eignarhlutir í dótturfélögum | | 7.340 | 6.579 |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum | | 4.685 | 4.707 |
| Lán til tengdra aðila | | 251.104 | 268.840 |
| Aðrar langtímaeignir | | 655 | 631 |
| Fastafjármunir samtals | | 3.430.219 | 3.512.316 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 64.115 | 115.896 |
| Kröfur á tengda aðila | | 41.084 | 39.935 |
| Afleiðusamningar | 9 | 58.834 | 53.856 |
| Handbært fé | | 157.726 | 150.945 |
| Veltufjármunir samtals | | 321.759 | 360.632 |
| **Eignir samtals** | | 3.751.978 | 3.872.948 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigendaframlög | | 586.512 | 586.512 |
| Bundin hlutdeild | | 1.746 | 197 |
| Þýðingarmunur | | ( 16.423) | ( 16.707) |
| Annað eigið fé | | 1.698.179 | 1.726.674 |
| Eigið fé samtals | | 2.270.014 | 2.296.676 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 765.833 | 776.406 |
| Lífeyrisskuldbindingar | | 38.286 | 36.427 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 239.744 | 232.912 |
| Leiguskuldbinding | | 4.786 | 4.472 |
| Afleiðusamningar | 9 | 1.491 | 5.535 |
| | | 1.050.140 | 1.055.752 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 12 | 306.737 | 74.798 |
| Vaxtaberandi skuldir | 10 | 57.619 | 222.619 |
| Tekjuskattur til greiðslu | | 63.228 | 195.059 |
| Afleiðusamningar | 9 | 4.240 | 28.044 |
| | | 431.824 | 520.520 |
| Skuldir samtals | | 1.481.964 | 1.576.272 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.751.978 | 3.872.948 |

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Eiginfjáryfirlit

| | Eigenda-framlög | Endurmats-reikningur | Bundin hlutdeild | Þýðingar-munur | Annað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2022** | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2022 | 586.512 | 169.952 | 71.143 | (57.648) | 1.443.246 | 2.213.205 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 137.463 | 137.463 |
| Þýðingarmunur | | | | (183) | | (183) |
| Niðurrifsskuldbinding, br. | | 973 | | | | 973 |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (1.437) | (1.437) |
| Heildarhagnaður | | 973 | | (183) | 136.026 | 136.816 |
| Arður til eigenda | | | | | (120.000) | (120.000) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif. | | | (279) | | 279 | 0 |
| Upplausn afskrifta af endurmati | | (3.267) | | | 3.267 | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2022 | 586.512 | 167.658 | 70.864 | (57.832) | 1.462.820 | 2.230.022 |
| | | | | | | |
| **1. janúar til 30. júní 2023** | | | | | | |
| Eigið fé 1. janúar 2023 | 586.512 | 0 | 197 | (16.707) | 1.726.674 | 2.296.676 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | 113.972 | 113.972 |
| Þýðingarmunur | | | | 284 | | 284 |
| Lífeyrisskuldbinding, br. | | | | | (917) | (917) |
| Heildarhagnaður | | | | 284 | 113.055 | 113.339 |
| Arður til eigenda | | | | | (140.000) | (140.000) |
| Hlutdeild í hagnaði dóttur- og hlutd.félaga millif. | | | 1.549 | | (1.549) | 0 |
| Eigið fé 30. júní 2023 | 586.512 | 0 | 1.746 | (16.423) | 1.698.179 | 2.270.014 |

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Sjóðstreymisyfirlit

| | 2023<br>1.1.-30.6. | 2022<br>1.1.-30.6. | 2023<br>F2* | 2022<br>F2* |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Rekstrarhagnaður | 201.947 | 158.987 | 90.555 | 78.971 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 53.036 | 54.327 | 26.457 | 27.857 |
| Lífeyrisskuldbinding, breyting | ( 998) | ( 1.115) | ( 522) | ( 587) |
| Aðrar breytingar | ( 471) | ( 2) | ( 445) | ( 2) |
| Veltufé frá rekstri án fjármagnsliða | 253.514 | 212.197 | 116.045 | 106.239 |
| Rekstrartengdar eignir, breyting | 51.760 | 14.595 | 11.794 | 11.552 |
| Rekstrartengdar skuldir, breyting | ( 31.420) | ( 9.914) | ( 14.349) | ( 17.644) |
| Handbært fé frá rekstri án fjármagnsliða | 273.854 | 216.878 | 113.490 | 100.147 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 9.356 | 694 | 7.438 | 506 |
| Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur | ( 20.504) | ( 18.014) | ( 8.095) | ( 5.291) |
| Greiddir skattar | ( 13.922) | ( 7.758) | ( 8.468) | ( 4.612) |
| Handbært fé frá rekstri | 248.784 | 191.800 | 104.365 | 90.750 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Aflstöðvar í rekstri | ( 8.348) | ( 6.630) | ( 4.422) | ( 2.927) |
| Virkjanaundirbúningur | ( 5.027) | ( 1.306) | ( 3.625) | ( 870) |
| Keypt hlutabréf | 0 | ( 45) | 0 | ( 7) |
| Innborgaður arður | 0 | 15.584 | 0 | 0 |
| Aðrar fjárfestingar | ( 2.328) | ( 942) | ( 963) | ( 678) |
| Seldar eignir | 527 | 4 | 413 | 4 |
| Aðrar kröfur, breyting | 19.894 | 31 | 19.894 | 31 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 4.718 | 6.696 | 11.297 | ( 4.447) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Greiddur arður | ( 70.000) | ( 60.000) | ( 70.000) | ( 60.000) |
| Lækkun hlutafjár hjá hlutdeildarfélagi | 0 | 605 | 0 | 0 |
| Afborganir lána til langs tíma | ( 178.930) | ( 78.913) | ( 1.476) | ( 1.471) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 248.930) | ( 138.308) | ( 71.476) | ( 61.471) |
| **Breyting á handbæru fé** | 4.572 | 60.188 | 44.186 | 24.832 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | 2.209 | ( 771) | ( 38) | ( 1.685) |
| **Handbært fé í byrjun tímabils** | 150.945 | 65.898 | 113.578 | 102.168 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 157.726 | 125.315 | 157.726 | 125.315 |

* Ársfjórðungsuppgjör hafa ekki verið könnuð af endurskoðendum félagsins

Fjárhæðir tímabilsins og samanburðarfjárhæðir eru fjárhæðir vegna móðurfélags, sjá skýringu nr. 4

Skýringar nr. 1 til 14 eru óaðskiljanlegur hluti þessa árshlutareiknings

# Skýringar

## Almennar upplýsingar

### 1. Landsvirkjun

Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Katrínartúni 2, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Megintilgangur fyrirtækisins er að stunda starfsemi á orkusviði. Árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaga.

### 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2022.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2022 fyrir utan það að félagið hefur innleitt nýja alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í upphafi tímabils 1. janúar 2023, breytingar á þeim og nýjar túlkanir. Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og túlkana sem ekki hafa tekið gildi muni ekki hafa veruleg áhrif á árshlutareikninginn. Hægt er að nálgast samstæðuársreikninginn fyrir árið 2022 á vef Landsvirkjunar www.landsvirkjun.is og á vef NASDAQ OMX Iceland; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum, sem er starfrækslumynt félagsins. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

### 4. Framsetning reikningsskila

Í árslok 2022 seldi Landsvirkjun eignarhlut sinn í dótturfélaginu Landsnet hf. til íslenska ríkisins. Með sölunni fækkaði dótturfélögum Landsvirkjunar um tvö, þar sem Orkufjarskipti hf. var í sameiginlegri eigu Landsnets hf. og Landsvirkjunar. Eftir viðskiptin á Landsvirkjun tvö dótturfélög, Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjun Power ehf.

Landsvirkjun gerir ekki samstæðuárshlutareikning með dótturfélögum sínum Icelandic Power Insurance Ltd. og Landsvirkjun Power ehf. þar sem áhrif þess eru talin vera óveruleg. Þess í stað eru reikningsskilin gerð í samræmi við kröfur IAS 27 Aðgreind reikningsskil. Afkoma dótturfélaganna er sýnd í einni tölu í rekstrarreikningi í línunni Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga og eignir og skuldir dótturfélaga eru ekki sýndar línu fyrir línu í efnahagsreikningi en koma þess í stað fram undir liðnum Eignarhlutir í dótturfélögum. Sjóðstreymisyfirlit sýnir sjóðstreymi vegna móðurfélags.

## 4. Framsetning reikningsskila, frh.:

Rekstrartekjur samstæðu Landsvirkjunar af áframhaldandi starfsemi árið 2022 voru USD 608,6 milljónir samanborið við USD 608,3 milljóna rekstrartekjur móðurfélagsins og rekstrargjöld og fjármagnsliðir USD 384,7 milljónir samanborið við USD 384,8 milljónir hjá móðurfélagi. Fjárfesting í dótturfélögum er færð samkvæmt hlutdeildaraðferð og afkoma þeirra meðtalin í línunni Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaga. Því er afkoma árshlutareiknings móðurfélags sú sama og hjá samstæðu. Heildareignir móðurfélags Landsvirkjunar í árslok 2022 námu nánast 100% af samanlögðum eignum samstæðu, og heildarskuldir móðurfélagsins voru á sama tíma nánast 100% af heildarskuldum samstæðu. Eignarhlutur Landsvirkjunar í dótturfélögum er sýndur í línunni Eignarhlutir í dótturfélögum á meðal fastafjármuna í efnahagsreikningi.

Að teknu tilliti til ofangreinds telja stjórnendur Landsvirkjunar að áhrif þess að sýna samstæðuárshlutareikning til viðbótar því að sýna árshlutareikning fyrir móðurfélag séu óveruleg fyrir upplýstan lesanda, en samkvæmt IAS 8 Reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur þarf ekki að beita kröfum IFRS staðla séu áhrif þess metin óveruleg og hafi ekki áhrif á ákvarðanir upplýsts lesanda reikningsskilanna.

## 5. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 6. Starfsþáttayfirlit

Öll starfsemi félagsins fellur undir einn starfsþátt, en tilgangur Landsvirkjunar samkvæmt lögum er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Orkuvinnsla Landsvirkjunar byggist á vatnsafli, jarðhita og vindi. Landsvirkjun selur alla raforku sína á Íslandi, annars vegar í heildsölu til raforkusmásala og hins vegar beint til stórnotenda.

## 7. Rekstrartekjur

Raforkusala greinist þannig:

| | 2023<br>1.1.-30.6. | 2022<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|
| Heildsala | 55.102 | 53.163 |
| Iðnaður | 226.585 | 290.457 |
| Raforkusala samtals | 281.687 | 343.620 |

## 8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 10.476 | 803 |
| Vaxtagjöld | ( 17.349) | ( 16.543) |
| Ábyrgðargjald | ( 276) | ( 351) |
| Vaxtagjöld samtals | ( 17.625) | ( 16.894) |
| Innleystur gjaldeyrismunur | 714 | ( 1.978) |
| Óinnleystur gjaldeyrismunur | ( 8.344) | 11.576 |
| Gjaldeyrismunur samtals | ( 7.630) | 9.598 |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða | ( 40.130) | 49.799 |
| Gangvirðisbreyting annarra afleiðusamninga | 37.089 | ( 4.878) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | ( 17.820) | 38.428 |

## 9. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi

Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

| | 30.6.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 58.648 | 98.752 |
| Hrávöruvarnir | 59.067 | 50.583 |
| Gjaldmiðlasamningar | 5.392 | 3.485 |
| | 123.107 | 152.820 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 64.273 | 98.964 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 58.834 | 53.856 |
| | 123.107 | 152.820 |
| **Skuldir:** | | |
| Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum | 26 | 0 |
| Hrávöruvarnir | 5.704 | 33.579 |
| | 5.730 | 33.579 |
| Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi: | | |
| Langtímahluti afleiðusamninga | 1.491 | 5.535 |
| Skammtímahluti afleiðusamninga | 4.240 | 28.044 |
| | 5.730 | 33.579 |

## 10. Skuldir

Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

| | | 30.6.2023 | | 31.12.2022 | |
|---|---|---|---|---|---|
| | **Loka-gjalddagi** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** | **Meðal-vextir** | **Eftir-stöðvar** |
| Skuldir í EUR | 2026 | 3,3% | 162.943 | 1,6% | 159.938 |
| Skuldir í USD | 2023-2035 | 3,7% | 660.509 | 3,6% | 839.087 |
| | | | 823.452 | | 999.025 |
| Afborganir næsta árs | | | ( 57.619) | | ( 222.619) |
| Skuldir til langs tíma samtals | | | 765.833 | | 776.406 |

Vaxtakjör af lánum voru á bilinu 2,8-7,2%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 3,9%, að teknu tilliti til ríkisábyrgðargjalds (2022: 3,3%).

# Skýringar, frh.:

## 10. Skuldir, frh.:

Samkvæmt lánasamningum eru afborganir langtímaskulda eftirfarandi:

| | 30.6.2023 |
|---|---|
| 1.7.2023-30.6.2024 | 57.619 |
| 1.7.2024-31.12.2024 | 13.810 |
| 2025 | 182.632 |
| 2026 | 190.608 |
| 2027 | 27.619 |
| 2028 | 131.764 |
| Síðar | 219.400 |
| | 823.452 |

## 11. Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði langtímaskulda

| | 30.6.2023 | | 31.12.2022 | |
|---|---|---|---|---|
| | Bókfært verð | Gangvirði | Bókfært verð | Gangvirði |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 823.452 | 820.523 | 999.025 | 1.004.138 |

Gangvirði annarra fjáreigna og fjárskulda er metið jafnt bókfærðu verði þeirra.

Við útreikning á gangvirði vaxtaberandi langtímaskulda er notað vaxtaróf undirliggjandi mynta við núvirðingu á væntu sjóðstreymi.

| Vextir greinast þannig: | 30.6.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|
| Vaxtaberandi skuldir USD | 3,7 til 5,6% | 3,8 til 5,1% |
| Vaxtaberandi skuldir EUR | 3,2 til 4,0% | 1,5 til 3,5% |

## 12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 20.366 | 16.665 |
| Áfallnir vextir | 7.874 | 9.249 |
| Ógreiddur tekjuskattur vegna fyrra árs | 181.293 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 97.204 | 48.884 |
| | 306.737 | 74.798 |

# Skýringar, frh.:

## 13. Flokkun gangvirðis

Útreikningar á gangvirði innbyggðra afleiða taka mið af framvirku álverði í LME kauphöllinni og miðast að hámarki við tímalengd framvirks álferils, eða 123 mánuði. Það er mat stjórnenda að væntingar um álverð eftir meira en tíu ár endurspegli álverð þegar samningar voru gerðir og því myndist ekki gangvirðisbreytingar vegna þess tímabils. Gangvirði afleiða annarra en innbyggðra afleiða er byggt á uppgefnu mati mótaðila og er sannreynt af Landsvirkjun með samanburðarútreikningum byggðum á markaðsgögnum.

Taflan sýnir stigskiptingu þeirra liða árshlutareiknings sem færðir eru á gangvirði.

| | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **30.6.2023** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 58.622 | 58.622 |
| Aðrar afleiður | 58.755 | | 58.755 |
| Eignarhlutir í öðrum félögum | | 655 | 655 |
| | 58.755 | 59.277 | 118.032 |

| | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|
| **31.12.2022** | | | |
| Innbyggðar afleiður | | 98.752 | 98.752 |
| Aðrar afleiður | 20.489 | | 20.489 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 631 | 631 |
| | 20.489 | 99.383 | 119.872 |

## 14. Önnur mál

AIB (Association of issuing bodies) sem eru samtök útgefenda upprunaábyrgða í Evrópu sendi út fréttatilkynningu þann 27. apríl um að samtökin hafi ákveðið að stöðva viðskipti með upprunaábyrgðir frá Íslandi. Samkvæmt ákvörðun taldi AIB að ekki hafi verið farið eftir EECS reglum við meðhöndlun upprunábyrgða og vísa til þess að tilteknir stórnotendur lýsi því yfir að framleiðsla þeirra nýti endurnýjanlega orku, en á sama tíma séu upprunaábyrgðir seldar úr landi. Af hálfu AIB var gerð krafa um úrbætur á hendur tengilið AIB á Íslandi sem er Landsnet hf. Landsvirkjun mótmælti ákvörðun AIB og taldi hana haldna bæði form- og efnisannmörkum, ekki eiga sér stoð í EECS reglum og fari jafnframt í bága við Evrópulöggjöf. Þann 1. júní aflétti AIB ákvörðun sinni með tilteknum skilyrðum sem Landsnet þarf að uppfylla fyrir 1. október þar sem AIB taldi málið ekki leyst. Unnið er að frekari upplýsingagjöf og lausn málsins. Þann 8. júní setti UBA – umhverfisstofnun Þýskalands bann á sölu upprunaábyrgða frá Íslandi. Landsvirkjun fór fram á að sú ákvörðun yrði afturkölluð og hefur það verið gert.